

Ritháttur og eðli þýðinga: Saga þýðinga í Japan

Inngangur

Þýðingar gegna mikilvægu hlutverki þegar kemur að því að miðla menningu málenda eins tungumáls til málenda annars. Rannsóknir á þýðingum beinast m.a. að sameiginlegum og ólíkum einkennum tungumála, aðferðarfræði og hvaða áhrif tíðarandinn hefur á það hvaða verk eru þýdd. Hins vegar er ekki mikið fjallað um áhrif ritháttar á þýðingar, en hér verður fjallað um hvernig ritháttur japönsku gerði það að verkum að þýðingar milli tungumála urðu ekki til í Japan fyrr en á 19. öld. Það að mælendur tveggja tungumála skilji ekki hverjir aðra virðist ekki nægja til þess að þýðingar verði til, ekki einu sinni þótt tungumálin séu óskyld, heldur hefur ritháttur tungumálanna einnig mikil áhrif. Í þessu sambandi verður einnig spurt hvort vestræna skilgreiningin á „þýðingu“ sé mögulega of þröng og eigi því ekki við um þýðingarhefðir annarra menningarheima.

Til þess að gera þessum tilgátum sem best skil verður fyrst fjallað almennt um japanska tungumálið, þrjá rithætti þess og skyldleika þess við önnur tungumál. Síðan verður farið yfir svokallaða *kanbun kundoku* þýðingarhefð Japana og það sem mælir á móti því að hún geti talist þýðing í vestrænum skilningi. Því næst verður

greint frá því hvernig viðhorf Japana til þýðinga breyttust með auknum samskiptum við Vesturlönd og þýðingum úr tungumálum sem notuðu latneskt stafróf. Síðasti kafli greinarinnar byggir á þessu og fjallar um fyrrnefndar tilgátur um áhrif ritháttar á þýðingar og ástæður þess að vestræn skilgreining orðsins „þýðing“ hentar illa þegar um er að ræða japanskar þýðingarhefðir.

Japanska og ritháttur hennar

Japanska er tungumál sem talað er í Japan og meðal fólks af japönskum uppruna um allan heim, sérstaklega í Bandaríkjunum og Brasilíu, og er móðurmál tæplega 125 milljóna manna.¹ Orðaröð í japönsku er frumlag-andlag-sagnorð (FAS). Nafnorð eru kynlaus og fallbeygjast ekki en eftirsetningar segja til um það hvaða hlutverki nafnorð gegnir í setningu. Fleirtala nafnorða er táknuð með viðskeyti, en venjulega er tala orða ekki tilgreind. Sagnorð eru til í nútíð og þátíð, en ekki framtíð, og geta verið í germynd, þolmynd, orsakamynd (e. *causative*) eða orsakapolmynd (e. *causative-passive*). Þau geta líka beygst eftir möguleika² og eftir kurteisi. Lýsingarorð tíðbeygjast eins og sagnorð. Í japönsku er persónufornöfnum oftast en ekki sleppt. Aukasetningar eru algengar en koma á undan orðunum sem þær eiga við.

Í japönsku eru fimm sérhljóðar og 14 grunnsamhljóðar.³ Hægt er að sameina samhljóðann „y“ [j] öðrum samhljóðum, en eini samhljóðinn sem getur staðið sjálfstæður er „n“ [n], öllum hinum þarf að fylgja sérhljóði. Samhljóðar geta verið tvöfaldir og þá er aðblástur á undan þeim. Í japönsku er jöfn áhersla á öll atkvæði, en lengd sérhljóða skiptir máli og er merkingarbær. Í rauninni er ekki um atkvæði að ræða heldur dvalareiningar eða mórur (e. *mora*) vegna þess að það er ekki áherslan sem skiptir máli heldur lengd

1 „Spread of the Japanese language“, WorldData.info.

2 Hér er átt við þá merkingu sem á íslensku er búin til með hjálparsögninni „að geta“. Sem dæmi má nefna sögnina *yomu* (読む) „að lesa“ sem verður *yomeru* (読む) „get lesið“.

3 A [a], í [i], u [u], e [e], o [o] og p [p], b [b], t [t], d [d], k [k], g [g], s [s], z [dz], h [h], m [m], n [n], r [r], j (enskt y) [j], enskt w [w]. Hins vegar er það einkenni á japönskum samhljóðum að þeir hafa mörg ólík hljóðbrigði og því eru ekki allir sammála um það hversu mörg samhljóð á að telja til, en við grunnsamhljóðana 14 mætti m.a. bæta við f [ɸ], dj (enskt j) [z], ensku sh [ç] og ensku ch [tʃ], sbr. Labruno, *The Phonology of Japanese*, 59–60.

hljóða, svipað takti í tónlist. Mikill munur er á mállýskum mismunandi landshluta. Þeir rithættir eru notaðir til þess að skrifa japönsku, en þeir eru annars vegar kínverskt myndletur sem kallast *kanji* og hins vegar tvö atkvæðaróf⁴ sem kallast *hiragana* og *katakana* og þróuðust út frá *kanji* á Heian-tímabilinu (794–1185).⁵ Ritháttunum þremur er blandað saman, en þumalputtareglan er sú að nafnorð og orðstofnar eru skrifuð með *kanji*, beygingarendingar og smáorð með *hiragana* og nýleg orð af erlendum uppruna, oftast úr Vesturlandamálum, með *katakana*.

Uppruni japönsku og skyldleiki hennar við önnur tungumál er mjög umdeildur. Stundum er fjallað um japönsku sem stakmál, sem er þó svolítið villandi þar sem japanska er skyld frumbyggjatumumálum sem töluð eru á Ryukyu-eyjaklasanum, en öll eru þau á mismunandi stigum útrýmingarhættu.⁶ Því er hér í rauninni átt við að japanska (eða japansk-ryukyuska) tungumálafjölskyldan sé ekki skyld tungumálum utan þess landsvæðis sem tilheyrir Japan. Hins vegar eru margir fræðimenn þeirrar skoðunar að japanska sé skyld kóresku þar sem málfræði tungumálanna tveggja er mjög lík, en þau tengsl þykja ekki fullsönnuð.⁷ Nýlega hafa einnig verið gerðar rannsóknir sem tengja mögulegan sameiginlegan uppruna japönsku og kóresku við tyrkísk, mongólsk og túngísk mál í svokallaðri altískri eða þverevrasískri (e. *Trans Eurasian*) tungumálafjölskyldu og að japanska hafi auk þess orðið fyrir áhrifum frá ástrónesískum tungumálum, en þessar tengingar eru einnig mjög umdeildar.⁸

Japanska bjó ekki yfir neinu ritmáli fyrr en á 6. öld e. Kr. Þegar Kóreubúar kynntu kínverskt myndletur fyrir Japönnum.⁹ Kínverskt myndletur breiddist út um Austur-Asíu eins og latneska stafrófið breiddist út um Evrópu og var aðalletur heimshlutans í þúsundir ára. Kínverjar kalla letur sitt *hànzì* og elstu merki um það eru frá miðju öðru árþúsundi fyrir Kristsburð. Letrið barst til Kóreuskaga

4 Atkvæðaróf virka eins og stafróf en í stað þess að hafa eitt tákn fyrir eitt hljóð þá er eitt tákn fyrir eitt atkvæði, t.d. ち „chi“, な „na“, < „ku.“

5 Schirokauer, Lurie og Gay, *A Brief History of Japanese Civilization*, 61.

6 Vovin, „Origins of the Japanese Language.“

7 Sjá t.d.: Francis-Ratte, „Lexical recycling“; Unger, „No Rush to Judgment“; Vovin, „Origins of the Japanese Language.“

8 Sjá t.d.: Robbeets, „Austronesian influence“; Robbeets, „The Trans Eurasian homeland.“

9 Schirokauer, Lurie og Gay, *A Brief History of Japanese Civilization*, 24–25.

á 3. og 4. öld e. Kr. og er kóreska útgáfa þess kölluð *hanja*. Á 6. öld e. Kr. báru kóreskir erindrekar og innflytjendur lettrið til Japans og er japanska útgáfa þess kölluð *kanji*. Hægt er að líkja mismunandi útgáfum letursins, *hànzì*, *hanja* og *kanji*, við mismunandi útgáfur latneska letursins sem notaðar eru um alla Evrópu.¹⁰ Ritháttur er oft mismunandi, en táknin eru í grunninn þau sömu og auðvelt er að bera kennsl á þau. Þótt hægt sé að bera kínverskt letur saman við latneskt er þó einn grundvallarmunur á. Latneskt letur er staf-róf þar sem hver stafur er eitt hljóð. Kínverska lettrið er hins vegar myndletur, þar sem hvert tákn stendur fyrir eitt orð eða hugtak og er mismunandi táknum raðað saman til að tákna flóknari orð eða hugtök. Það er því ekki beint samband milli tákna myndletursins og hljóða tungumálsins, heldur er samband á milli tákna myndletursins og orða og hugtaka tungumálsins. Þetta gerir það að verkum að tákn myndleturs geta orðið mörg þúsund talsins. Einnig veldur þetta því að sama orð er skrifað nákvæmlega eins í mörgum tungumálum en borið fram á mismunandi vegu.

Saga þýðinga í Japan hefst í raun á því þegar kínverska myndlettrið var lagað að japönsku. Þar sem Kína var lengi stærsta menningarveldi Asíu eru mörg tökuorð úr kínversku í japönsku máli. Orðin voru tekin beint upp, með örlitlum breytingum til að gera þau auðveldari í framburði, og ekki þurfti að breyta rithættinum. Hins vegar voru sömu myndleturstákn líka fengin að láni til þess að skrifa orð sem þá þegar voru til í japönsku. Þetta veldur því að flest myndleturstákn í japönsku má lesa á tvo mismunandi vegu, þ.e. á japönsku eða á kínversku sem aðlöguð hefur verið að japönsku. Til dæmis er táknið 水 lesið sem „mizu“ þegar það stendur eitt og sér og þýðir „vatn“, en þegar það er notað í samsetta orðinu fyrir „miðvikudag“ (jp. *suiyōbi*, 水曜日), sem Japanir tóku upp frá Kínverjum, er það lesið sem „sui“.

Halda mætti að þar sem myndletur tengist orðum og hugtökum tungumála en ekki hljóðum skipti ekki máli hvort tungumál séu lík eða skyld því að hægt sé að nota eitt myndletur fyrir hvaða tungumál sem er. En sú er ekki raunin og kínverska myndlettrið á í raun

10 Hér er rétt að nefna að þótt Kóreubúar hafi notað *hanja* til þess að skrifa í margar aldir, þá var fundið upp kóreskt stafróf sem kallast *hangul* um miðja 15. öld sem kom algjörlega í staðinn fyrir *hanja* á 20. öld. Kóreubúar nota því ekki kínverskt myndletur lengur heldur stafróf sem virkar á mjög svipaðan hátt og latneska stafrófið og passar nánast fullkomlega við kóreska tungumálið.

ekki vel við japönsku, vegna þess að kínverska og japanska eru alls óskyld tungumál. Orðaröð í kínversku er önnur en í japönsku og því koma myndleturstáknin ekki í sömu röð þegar tungumálin eru skrifuð. Japanska notar sagnbeygingar til þess að tilgreina tíðir, myndir og kurteisi en kínverska gerir það ekki. Því vantar myndleturstákn til þess að gefa þessar sagnbeygingar til kynna. Kínverska notar ekki þær eftirsetningar sem til eru í japönsku sem segja til um hlutverk nafnorða í setningu og því vantar einnig tákn fyrir þær. Þegar kínversk orð voru innlimuð í japönsku urðu einnig til mörg orð sem hljómuðu nákvæmlega eins í japönsku, þar sem tónarnir sem greindu á milli orðanna í kínversku hurfu við færsluna milli tungumála. Því eru mörg myndleturstákn sem hljóma nákvæmlega eins í framburði á japönsku. Sem dæmi má nefna að orðið „shuchō“ má skrifa á sjö mismunandi vegu og það hefur sex ólíkar merkningar.¹¹

Saga þýðinga í Japan

Þótt það hafi verið Kóreubúar sem kynntu kínverskt myndletur fyrir Japönnum og legðu grunninn að aðlögun myndletursins fyrir tungumál óskyld kínversku, þá voru það kínverskir textar sem Kóreubúar höfðu með sér og allar þýðingar Japana voru gerðar úr kínversku.¹² Þessar þýðingar voru að miklu leyti úr klassískri kínversku en eftir 1600 urðu þýðingar úr samtímakínversku sífellt algengari. Sameiginleg notkun kínverska myndletursins gerði það að verkum að japanskir þýðendur breyttu kínverskum textum svo lítið að varla er hægt að tala um þýðingu í vestrænum skilningi. Aðferðin sem notuð var við þýðingar í Japan frá 7. öld og alveg fram á 20. öld er kölluð *kanbun kundoku* (jp. 漢文訓読),¹³ en heitið á þessari aðferð er einnig gott dæmi um það hvernig kínverskt myndletur virkar. Orðhlutinn „kan“ (jp. 漢) þýðir „kínverskt“, „bun“ (jp. 文) er „setning“ eða „skrift“, „kun“ (jp. 訓) þýðir „jap-

11 Shuchō: 主張 „fullyrðing“ eða „staðhæfing“, 首長 eða 主長 „forstjóri“ eða „formaður“, 主潮 „aðalstraumur“ (í hafi); 主調 „grunntónn“ eða „meginþráður“, 腫脹 „bólga“, 朱鳥 Shuchō-tímabilið (níu mánaða tímabil árið 686 e. Kr.).

12 Okayama, „A Nagasaki Translator“, 54.

13 Mizuno, „Stylistic Norms in the Early Meiji Period“, 94.

anskt“ og „doku“ (jp. 読) er „lestur“. Hugtakið *kanbun kundoku* er því tvö orð samsett úr fjórum táknum sem hvert hefur sína eigin merkingu og saman mynda þau nýja merkingu: „japanskur lestur á kínverskum skrifum.“ Aðferðin virkaði þannig að númer og framburðartákn voru skrifuð vinstra megin við myndleturstáknin (en japanska var skrifuð lóðrétt, þ.e. niður, og er það oft enn þann dag í dag) til að sýna í hvaða röð ætti að lesa orðin þannig að þau pössuðu við japanska orðaröð.¹⁴ Hægra megin við myndlettrið voru síðan lítil tákn sem sýndu hvernig beygja ætti orðin samkvæmt japanskri málfræði eða komu í staðinn fyrir málfræðileg smáorð. Textinn var því ekki skrifaður upp á nýtt á japönsku, heldur þurfti aðeins að bæta við auka táknum og merkingum hér og þar.

Kanbun kundoku varð ekki til á einni nóttu heldur þróaðist aðferðin á löngum tíma, jafnvel í árhundruð, og var *kanbun kundoku* í raun ekki ein aðferð heldur regnhlífahugtak yfir margar svipaðar aðferðir sem notaðar voru til að ná sama markmiði.¹⁵ *Kanbun kundoku*-þýðingar byggðust á fyrir fram ákveðnum lestri á japönsku þar sem japanskt orð samsvaraði algjörlega og óumdeilanlega ákveðnu kínversku orði.¹⁶ Í Japan þurfti lesandinn sjálfur að átta sig á blandaða þýðingatungumálinu sem kínverskan var þýdd yfir á. Það var ekki þýðandans að gera textann aðgengilegan, heldur átti lesandinn að túlka textann sjálfur.¹⁷ Þýðingar úr kínversku voru stundaðar á þennan hátt fram á 20. öld.¹⁸ Það var ekki fyrr en undir lok 16. aldar að Japanir fóru að þýða úr öðrum tungumálum en kínversku, en þá var eitthvað um þýðingar úr portúgölsku, aðallega trúarlegs eðlis.¹⁹ Þeim þýðingum virðist hafa verið hætt þegar Japanir lokuðu landamærum sínum fyrir Vesturlandabúum í byrjun 17. aldar. Aðeins Hollendingar voru eftir og þeir höfðust við á lítilli manngerðri eyju, Dejima, rétt fyrir utan Nagasaki.²⁰

Nagasaki var ein mikilvægasta hafnarborg Japans og í einangruninni varð hún mikil miðstöð fyrir þýðingar úr hollensku og asiú-

14 Wakabayashi, „Marginal Forms of Translation in Japan“, 58.

15 Semizu, „Invisible Translation“, 290; Wakabayashi, „Marginal Forms of Translation in Japan“, 58.

16 Mizuno, „Stylistic Norms in the Early Meiji Period“, 94.

17 Wakabayashi, „Marginal Forms of Translation in Japan“, 59.

18 Mizuno, „Stylistic Norms in the Early Meiji Period“, 94.

19 Kondo og Wakabayashi, „Japanese Tradition“, 469.

20 Schirokauer, Lurie og Gay, *A Brief History of Japanese Civilization*, 128.

málum, sérstaklega samtímakínversku.²¹ Japanir þýddu allt mögulegt úr kínversku en úr hollensku þýddu þeir aðallega nytsamlega og fræðilega texta.²² Þeir þýðendur sem sérhæfðu sig í hollensku kölluðust *tsūji* (jp. 通事).²³ Þeir unnu fyrir ríkið og gekk staða þýðanda í erfðir. Mun meira var þó um þýðingar úr samtímakínversku heldur en hollensku, en bæði tungumál höfðu þau áhrif að Japanir fóru að velta fyrir sér mikilvægi hljóðfræði í þýðingum.²⁴ Þegar kom að bókmenntaþýðingum úr samtímakínversku var hins vegar ekki hægt að nota *kanbun kundoku*-aðferðina.²⁵ Þessar bókmenntir voru oftast ekki skrifaðar á suður-kínverskum mállýskum þar sem notkun myndleturstáknanna og bókmenntastíllinn sjálfur voru allt öðruvísi en Japanir voru vanir. Snemma á 18. öld varð því sífellt algengara að skrifa merkingu kínversku myndleturstáknanna við hlið þeirra með japanska *katakana* atkvæðarófinu, en enn var stuðst við aukatákn og -merkingar til þess að sýna orðaröð og beygingar.²⁶ Þessar nýju þýðingar höfðu þau áhrif að bókmenntaformið *yomihon* varð til í Japan sem byggði á þessum kínversku samtímabókmenntum sem og japönskum og kínverskum skáldsagnahefðum almennt.²⁷ Þýðingar úr Evrópumálum hófust ekki fyrir alvöru fyrir en í kringum aldamótin 1800, en þá varð til þýðingaraðferð sem kallast *obun kundoku* (jp. 欧文訓読).²⁸ Þessi nýja þýðingaraðferð virkaði alveg eins og *kanbun kundoku* nema henni var beitt á evrópska texta (jp. *obun*, 欧文) en ekki kínverska, fyrst á hollenska texta og síðar á enska.²⁹

Það var ekki fyrir en eftir að Japanir opnuðu landamæri sín aftur fyrir Vesturlandabúum, þ.e. eftir Meiji-endurreisnina árið 1868, að Japanir fóru að þýða og endursegja vestrænar bókmenntir, m.a. verk eftir William Shakespeare, Friedrich Schiller og Leó Tolstoj, og fræðirit almenns eðlis, t.d. verk John Stewart Mill og Jean-Jacques

21 Okayama, „A Nagasaki Translator“, 58.

22 Kondo og Wakabayashi, „Japanese Tradition“, 470.

23 Sama heimild.

24 Okayama, „A Nagasaki Translator“, 54.

25 Sama heimild, 62.

26 Sama heimild, 62.

27 Sama heimild, 54.

28 Mizuno, „Stylistic Norms in the Early Meiji Period“, 94.

29 Morioka, *Obun kundoku no kenkyū*, 19. Vísað í af Mizuno, „Stylistic Norms in the Early Meiji Period“, 94.

Rousseau.³⁰ Þessi verk voru sennilega valin vegna þess að þau þóttu eiga vel við tíðaranda nútímavæðingar Japans, en á þessum tíma lögðu Japanir mikla áherslu á að taka Vesturlönd sér til fyrirmyndar, t.d. með Iwakura-sendiförinni (1871–1873) þar sem nokkrir japanskir ráðamenn ferðuðust um Bandaríkin og Evrópu til að sjá hvað hægt væri að læra af þeim þjóðum.³¹ Líklegt þykir að þennan áhuga á nútímavæðingu megi m.a. rekja til ósigra Kínverja fyrir Englendingum í ópíumstríðunum (1839–1842 og 1856–1860). Það var mikið áfall fyrir Austur-Asíuþjóðir, þar á meðal Japani, þegar öflugasta þjóðin og mesta menningarrikið í þessum heimshluta í meira en 2000 ár laut í lægra haldi fyrir þjóð sem þar var svo til óþekkt.³² Því gerðu Japanir allt sem í þeirra valdi stóð til að litið yrði á þá sem jafningja á Vesturlöndum en ekki þjóð til að hernema. Þýðingar á öllum sviðum lista og fræða höfðu mikil áhrif á þessa uppbyggingu og nútímavæðingu, enda hafa fyrstu árin eftir Meiji-endurreisnina verið kölluð „tímaskeið þýðinganna“.³³ Rétt eftir Meiji-endurreisnina voru endursagnir erlendra bókmennta einnig algengar en þýðingar tóku yfir eftir mitt Meiji-tímabilið (1868–1912).³⁴

Þýðingar hafa haft mikil áhrif á japanska menningu allt frá því að Japanir fóru fyrst að tileinka sér *kanji*. Semizu segir það ekki vera ýkjur að halda því fram að Japanir eigi alla sína vitsmunalegu þróun til forna, frá 5. öld til 8. aldar e. Kr., algjörlega ritum kínverskra fræðimanna að þakka og klassísk kínversk verk hafi verið grunnurinn að menntun í Japan þar til um miðja 20. öld.³⁵ Þessi staðhæfing er í samræmi við það viðhorf að í Japan var lengi litið á *hiragana* og *katakana*, sérjapönsku atkvæðarófin, sem óæðri skrift en *kanji* og því var ekki lagt mikið upp úr því að þýða yfir á japönsku heldur var haldið í *kanbun kundoku*-aðferðina og kínverska frumtextann með myndleturstáknum.³⁶ Eftir að atkvæðarófin urðu til á Heian-tímabilinu þótti öldum saman finna að nota *kanji* og atkvæðarófin

30 Miller, *Adaptations of Western Literature in Meiji Japan*, 18–19.

31 Narangoa, „Japan's Modernization“, 15–16.

32 Schiorkauer, Lurie og Gay, *A Brief History of Japanese Civilization*, 160.

33 Keene, *Dawn to the West*, 55–75.

34 Mizuno, „A Genealogy of Literal Translation“, 30.

35 Semizu, „Invisible Translation“, 283.

36 Okayama, „A Nagasaki Translator“, 54.

voru oft tengd konum, sem voru yfirleitt ekki eins vel menntaðar og karlmenn.³⁷ Þessi staðalímynd var mjög föst í japanskri menningu þótt margir af helstu rithöfundum Japana hafi verið konur, t.d. Murasaki Shikibu (ca. 978–1014) og Sei Shōnagon (ca. 966–1025), en verk þeirra höfðu síðar mikil áhrif á japanska nútímahöfunda.³⁸

Meðal þeirra áhrifa sem þýðingar hafa haft á japönsku má nefna að með *kanbun kundoku*-þýðingum komu margar orðasamsetningar inn í tungumálið úr kínversku og nú á dögum er ekki hægt að sjá muninn á þessum „nýyrðum“ annars vegar og hins vegar þeim orðum sem eru japönsk að uppruna.³⁹ *Ōbun kundoku* hafði m.a. þau áhrif að Japanir fóru að nota persónufornöfn í mun meira mæli en þeir gerðu áður og orðið „það“ (jp. *sore*, それ) varð að ópersónulegu frumlagi. Einnig komu viðlíkingar, myndhverfingar og persónugervingar inn í bókmenntir Japana með *ōbun kundoku*-þýðingum á vestrænum bókmenntaverkum.⁴⁰ Stuttu eftir Meiji-endurreisnina urðu japanskar endursagnir vestrænna skáldsagna mjög vinsælar og á níunda áratug 19. aldar komu út fyrstu nútímaskáldsögur Japana, en þær byggðu á vestrænum fyrirmyndum.⁴¹

Viðhorf til þýðinga

Ōbun kundoku-þýðingar höfðu ekki aðeins áhrif á japanska tungumálið heldur höfðu þær líka þau áhrif að fyrstu umræður og vangaveltur um þýðingar og þýðingaradferðir urðu til í Japan. Á meðan *kanbun kundoku*-þýðingar voru við lýði og hægt var að bæta táknum og þýðingum inn í kínverska texta án þess að þurfa að skrifa hann upp á nýtt og túlka á japönsku byggðust þýðingar á fyrir fram ákveðnum lestri á japönsku þar sem japanskt orð samsvaraði algjörlega og óumdeilanlega kínversku orði.⁴² Með tilkomu evrópskra tungumála og *ōbun kundoku*-þýðinga varð þýðingarum-

37 Schirokauer, Lurie og Gay, *A Brief History of Japanese Civilization*, 61; Wakabayashi og Sato-Rossberg, „Introduction“, 3.

38 Schirokauer, Lurie og Gay, *A Brief History of Japanese Civilization*, 61.

39 Mizuno, „Stylistic Norms in the Early Meiji Period“, 95.

40 Sama heimild, 96.

41 Schirokauer, Lurie og Gay, *A Brief History of Japanese Civilization*, 184.

42 Mizuno, „Stylistic Norms in the Early Meiji Period“, 94.

hverfið allt í einu flóknara. En þar sem Japanir lokuðu landamærum sínum fyrir Evrópubúum rétt eftir aldamótin 1600 og *ōbun kunkoku*-aðferðin varð ekki til fyrr en í kringum aldamótin 1800 þá var ekki farið að ræða um þýðingar fyrr en á seinni hluta 18. aldar og það var ekki fyrr en eftir Meiji-endurreisnina (1868) sem umræður um þýðingar hófust fyrir alvöru. Í Japan haldast umræður og vangaveltur um þýðingar og þýðingaraðferðir því í hendur við samskipti landsins við Evrópulönd.

Allra fyrstu vangavelturarnar um þýðingar birtust í Japan á 18. öld, þótt lítið hafi verið fjallað um þýðingar og þýðingaraðferðir fyrr en á 19. öld. Árið 1711 kom út verkið *Leidarvísir til þýðinga* (jp. *Yakubun sentei*, 訳文筌蹄) eftir þýðandann Ogyū Sorai þar sem hann segir að skrifa eigi þýðingar á eðlilegri japönsku og gera frumtextann alveg skýran fyrir lesendum markmálsins.⁴³ Hins vegar virðist Ogyū nota orðið „þýðing“ í merkingu sem er nær því sem kallast myndi „endursögn“ nú á dögum, þar sem Ogyū segir að orðið „þýðing“ merki í raun aðeins „svipur“ eða „líking“.⁴⁴ Þetta sést einnig á því að í *Leidarvísi til þýðinga* er tekin fyrir sama smásagan á japönsku annars vegar og samtímakínversku hins vegar en þótt söguþráðurinn sé sá sami þá er orðanotkunin gjörólík.⁴⁵ Aðra umfjöllun um þýðingar frá 18. öld má finna í skrifum fræðimannsins Ban Kōkei, en árið 1777 skrifaði hann verk um þróun japanska ritmálsins og þar gat að líta sérstakan kafla um þýðingar.⁴⁶ Í kaflanum skrifar Ban að honum finnist að hlutverk þýðenda ætti að vera að miðla merkingu texta. Skoðanir Ogyū og Ban fengu samt ekki mikinn hljómgrunn þar sem best þótti að þýða orðrétt fram að lokum seinni heimsstyrjaldar.⁴⁷ Mizuno, sem er sá japanski þýðingafræðingur sem aðrir fræðimenn á sviði þýðinga vitna mest í,⁴⁸ fjallar um það hvernig ýmis þýðinganorm hafi orðið til eftir Meiji-endurreisnina, en á dæmunum sem hann tekur sést að þessi norm voru aðallega mismunandi útfærslur á beinum og orðréttum þýð-

43 Pastreich, „Grappling with Chinese Writing as a Material Language“, 129–130.

44 Sama heimild, 130.

45 Sama heimild, 141.

46 Mizuno, „A Genealogy of Literal Translation“, 31.

47 Mizuno, „Kindai Nihon no bungakuteki taken shisutemu“, 6; Mizuno, „A Genealogy of Literal Translation“, 31.

48 Takeda, „The Emergence of Translation Studies“, 20.

ingum, en lítið hafi verið niður á frjálsari þýðingar.⁴⁹ Í Japan virðist því alltaf hafa verið lagt meira upp úr því að þýðingar væru eins nálægt frumtextanum og hægt var, að endursögnum undanskildum, þar til eftir heimsstyrjöldina, fyrst með *kanbun kundoku*-aðferðinni og síðan hjá þýðendum Meiji- og Taishō-tímabilanna (1868–1912 og 1912–1926).

Þetta viðhorf til þýðinga fór að breytast eftir seinni heimsstyrjöld, en lok hennar eiga það sameiginlegt með Meiji-endurreisninni að þá urðu miklar samfélagsbreytingar og áhrif frá Vesturlöndum jukust mikið. Fyrsti Japaninn sem kallaði eftir því að rannsaka ætti þýðingar á kerfisbundinn og fræðilegan hátt var Naruse Takeshi árið 1978.⁵⁰ Árið 1972 hafði hann þýtt á japönsku bókina *Toward a Science of Translating: With Special Reference to Principles and Procedures Involved in Bible Translating* eftir Eugene Nida, en það var fyrsta bókin um þýðingafræði sem þýdd var á japönsku. Í bókinni fjallar Nida um muninn á formlegu jafngildi (e. *formal equivalence*), sem heldur eins mikið í uppsetningu og orð frumtextans og hægt er, og áhrifajafngildi (e. *dynamic equivalence*), þar sem merking og boðskapur textans og skilningur lesenda markmálsins eru höfð í huga.⁵¹ Nida sjálfur virðist hallast að áhrifajafngildi í þýðingum, sem hann segir vera þá stefnu sem sé ríkjandi á Vesturlöndum, og telja að þeir þýðendur sem leggi áherslu á áhrifajafngildi séu almennt betri þýðendur og hafi meiri skilning á frumtextanum.⁵²

Segja má að skrif Naruse og þýðingar hans á kenningum Nida hafi markað ákveðin tímamót í þýðingum í Japan þar sem upp úr því fór að bera á meiri áherslu á áhrifajafngildi í þýðingum, sem og á fræðilegum skrifum um þýðingar og innleiðingu vestrænna þýðingakenninga. Sem dæmi má nefna einn afkastamesta og frægasta fræðimann Japanna á sviði þýðinga, Yanabu Akira, en í greininni „Vandamál við þýðingar“ (jp. „Hon'yaku no mondai,“ 翻訳の問題) gagnrýndi Yanabu það sjónarmið að orðréttar þýðingar væru betri en þær sem leggja áherslu á að þýða merkingu textans og sagði

49 Mizuno, „Kindai Nihon no bungakuteki taken shisutemu“; Mizuno, „A Genealogy of Literal Translation“.

50 Takeda, „The Emergence of Translation Studies“, 13; Furuno, „Nihon no hon'yaku“ 118.

51 Nida, *Toward a Science of Translating*, 159–160.

52 Sama heimild, 160 og 191–192.

Það vera vandamál ef þýðendur tryðu því að orð-fyrir-orð þýðing skilaði af sér merkingu frumtextans á réttan hátt.⁵³ Einnig var hann ósammála því viðhorfi samtímamanna sinna að þýðingar ættu að vera erfiðar í lestri.⁵⁴ Skrif Itagaki Shinpei eru annað gott dæmi um breytt viðhorf til þýðinga, en hann bjó til japanska orðið fyrir þýðingafræði, *hon'yaku gaku* (jp. 翻訳学), árið 1995 og aðhylltist kenningar John Dryden, sem setti fram þrígreininguna: að þýða orðrétt (e. *metaphrase*), að þýða merkingu (e. *paraphrase*) og að búa til eftirlíkingu (e. *imitation*) og taldi miðkostinn ákjósanlegastan.⁵⁵ Á svipuðum tíma ýtti Hirako Yoshio af stað kerfisbundnari umræðu um þýðingar byggðri á fræðilegum kenningum. Hann gekk út frá því að þýðingar væru samskipti milli menningarheima.⁵⁶ Því er hægt að segja að vestræn tungumál og kenningar höfðu þau áhrif að í Japan varð til millivegur í þýðingaraðferðum milli orðréttra þýðinga og endursagna, en þetta viðhorf til þýðinga hefur haldist síðan.⁵⁷

Eftir aldamótin 2000 varð aftur breyting á viðhorfum til þýðinga þar sem þýðingar fóru að öðlast gildi sem sjálfstæð bókmenntaverk jafngild frumsömdum verkum.⁵⁸ Eitt besta dæmið um þetta eru rannsóknir Mizuno Akira á bókmenntakerfum Meiji- og Taishō-tímabilanna. Mizuno notar m.a. fjölkerfiskenningu Even-Zohar og tengir hana við bókmenntir í Japan á fyrrnefndum árum. Í fjölkerfiskenningu sinni setur Even-Zohar bókmenntir upp sem kerfi og heldur því fram að þýðingar geti annaðhvort verið í miðju þess kerfis, og þá haft mikil áhrif á þróun bókmennta, eða verið á mörkum kerfisins, og haft þar með lítil áhrif á þróun bókmennta.⁵⁹ Hann nefnir þrjú tilvik þar sem þýðingar geta skipað sér sess í miðju bókmenntakerfis: þegar bókmenntir tiltekinnar menningar eru ungar og enn að komast á legg, þegar ákveðin bókmennta-

53 Yanabu, „Hon'yaku no mondai“, 147. Vísað í af Furuno, „Nihon no hon'yaku“, 118.

54 Yanabu, „Hon'yaku no mondai“, 142. Vísað í af Furuno, „Nihon no hon'yaku“, 118.

55 Takeda, „The Emergence of Translation Studies“, 15; Ástráður Eysteinnsson, *Trímali*, 60.

56 Takeda, „The Emergence of Translation Studies“, 15.

57 Mizuno, „A Genealogy of Literal Translation in Modern Japan“, 47; Furuno, „Nihon no hon'yaku“, 120.

58 Inoue, „On the Creative Function of Translation“, 115.

59 Munday, *Introducing Translation Studies*, 165; Even-Zohar, „The Position of Translated Literature“, 46.

stefna er ný og á sér ekki fyrirrennara í sínu bókmenntakerfi og þegar mikil breyting verður svo að tómarúm myndast í bókmenntakerfinu.⁶⁰ Mizuno tengir þetta við japanskar bókmenntir árána 1868–1926 og það hvernig tómarúm hafði myndast í japönskum bókmenntum á þessum tíma. Af þeim sökum hafi þýðingar skipað sér sess í miðju japanska bókmenntakerfisins til ársins 1908.⁶¹ Mizuno segir þýddar bókmenntir hafa verið mikilvægt framlag til stofnunar og þróunar fjölkerfis japanskra nútímabókmennta og setur þar með skýrt fram að þýðingar séu jafngildar frumsömdum verkum.⁶²

Áhrif ritháttar á þýðingar og þýðingaraðferðir

Af því sem fram hefur komið sést að það var ritháttur Japana sem réði því hvernig þeir þýddu og olli því að í Japan var lengi vel ekkert rætt um þýðingar eða þýðingaraðferðir. *Kanbun kundoku*-aðferðin virðist því hafa valdið því að deilur sem voru ofarlega á baugi í sambandi við þýðingar í Evrópu í gegnum aldirnar, m.a. um hvort þýða ætti orð fyrir orð eða merkingu fyrir merkingu, hafi ekki þekkt hjá þýðendum í Japan. En þar sem *kanbun kundoku*-aðferðin var ekki notuð til þess að búa til nýja texta á eiginlegu markmáli má spyrja hvort hægt sé að kalla *kanbun kundoku*-texta þýðingar.

Í umfjöllun sinni í *Tvímælum* um merkingu orðsins „þýðing“ bendir Ástráður Eysteinnsson á að á mörgum evrópskum tungumálum felur orðið í sér yfirfærslu merkingar eða flutning milli tungumála (sbr. *oversatte* á dönsku og *translate* á ensku).⁶³ Íslenska orðið geti hins vegar einnig merkt að „skýra“ eða „útlista“.⁶⁴ Samkvæmt Árnastofnun er skilgreiningin á orðinu „þýða“ að „breyta (texta) af einu tungumáli á annað“,⁶⁵ en í *Íslenskri orðsifjabók* fær orðið víðtækari merkingu og er skilgreint sem að „gera þjóðinni

60 Sama heimild, 46–47.

61 Mizuno, „Kindai Nihon no bungakuteki taken shisutemu,“ 4; Mizuno, „A Genealogy of Literal Translation“, 29–30.

62 Mizuno, „A Genealogy of Literal Translation“, 46.

63 Ástráður Eysteinnsson, *Tvímali*, 25.

64 Sama heimild, 25; Ásgeir Blöndal Magnússon, „Þýða, þýðing“.

65 *Íslensk nútímamálsorðabók*, „þýða“.

skiljanlegt“.⁶⁶ Catford skilgreinir „þýðingu“ sem svo að skipt sé á texta á frummáli og jafngildum texta á markmáli,⁶⁷ en eins og Ástráður Eysteinnsson bendir á vandast málið þegar um er að ræða þýðingar úr millimálum, þýðingar milli sögulegra málstiga sama tungumáls, endurgerðir og mismunandi list- og tjáningarform.⁶⁸ Þrískipting Jakobson, þýðing innan tungumáls (e. *intralingual translation*), þýðing milli tungumála (e. *interlingual translation*) og þýðing milli táknkerfa (e. *intersemiotic translation*), kemur að miklu leyti til móts við þennan vanda.⁶⁹ Aftur á móti er ekki tekið tillit til túlkunar á frumtextanum í þessari þrískiptingu, en mikill munur getur verið á þýðingum úr sama frumtexta eftir því hver þýðandinn er, auk þess sem deilur um meintar hugsanir höfundar geta skipt sköpum.⁷⁰

Segja má að *kanbun kundoku*-textar geti talist skýringar eða útlistanir og þar af leiðandi þýðingar í þeirri merkingu. Einnig mætti segja að *kanbun kundoku* sé þýðing milli táknkerfa, en þá þarf að spyrja hversu mikil breyting þarf að verða til þess að um nýtt táknkerfi sé að ræða þar sem í *kanbun kundoku* er kínverski textinn sjálfur óbreyttur og aðeins er stuðst við framburðar- og beygingartákn sem bætt er inn í frumtextann. Sé hins vegar tekið mið af merkingu „þýðingar“ sem yfirfærslu, flutningi úr einu tungumáli yfir á annað eða að gera þjóðinni skiljanlegt, má færa rök fyrir því að *kanbun kundoku*-textar séu í raun ekki þýðingar þar sem frumtextanum sjálfum var ekki breytt, ekkert eiginlegt markmál er til staðar og textarnir voru aðeins skiljanlegir ákveðnum hópi lærðra manna sem höfðu sérstaka þjálfun í að lesa slíka texta. Af þessum sökum er oft sagt að *kanbun kundoku*-textar séu ekki þýðingar úr kínversku yfir á japönsku heldur yfir á kínverskt-japanskt blendingsmál,⁷¹ að þeir séu einskismannsland milli tungumála,⁷² eða að um eins konar hugræna þýðingu hafi verið að ræða, þar sem ekki varð

66 Ásgeir Blöndal Magnússon, „Þýða, þýðing“; Ástráður Eysteinnsson, *Trímali*, 25.

67 Catford, *A Linguistic Theory of Translation*, 20; Ástráður Eysteinnsson, *Trímali*, 25–26.

68 Ástráður Eysteinnsson, *Trímali*, 26–27.

69 Jakobson, „On Linguistic Aspects of Translation“, 233; Ástráður Eysteinnsson, *Trímali*, 27–28.

70 Gauti Kristmannsson, „Teoría, trygð og túlkun“, 19.

71 Wakabayashi, „Marginal Forms of Translation in Japan“, 58.

72 Reynolds, *Translation*, 3.

til áþreifanlegur texti á eiginlegu markmáli.⁷³ Skoðanir fræðimanna eru því mjög skiptar um hvort hægt sé að nota orðið „þýðing“ yfir *kanbun kundoku*-texta, sérstaklega þar sem ekkert var fjallað um þýðingar í Japan fyrr en á 18. öld.⁷⁴

Séu *kanbun kundoku*-textar ekki þýðingar má velta því fyrir sér hvort *kanbun kundoku*-aðferðin geti talist þýðingaraðferð. Hið sama má segja um *kanbun kundoku*-aðferðina og *kanbun kundoku*-texta, þ.e. að *kanbun kundoku* sé skýringaraðferð eða útlistunaraðferð og hún sé einnig eins konar aðferð til þess að færa texta milli táknkerfa en aðrar merkingar orðsins „þýðingaraðferð“ eigi hér illa við. Þó má segja að *kanbun kundoku*-aðferðinni svipi til þess þegar vest-rænir þýðendur aðhyllast það sem Nida kallaði formlegt jafngildi. Þegar formlegt jafngildi er notað á texti markmálsins að vera eins líkur texta frummálsins og mögulegt er og lesanda markmálsins er ekki auðveldaður lesturinn heldur á hann að upplifa textann út frá frummálinu.⁷⁵ Markmiðið með formlegu jafngildi og *kanbun kundoku*-aðferðinni virðist því vera hið sama. Hins vegar má deila um hvort hægt sé að nota orðið „jafngildi“ fyrir *kanbun kundoku*-aðferðina þar sem textinn sjálfur er ekki aðeins jafngildur heldur nákvæmlega sá sami, þótt framburðurinn sé vissulega ólíkur.

Þetta vekur upp spurningar um eðli þýðinga. Séu *kanbun kundoku*-þýðingar ekki samþykktar sem eiginlegar þýðingar má segja að í Japan hafi þýðingar ekki verið til fyrr en Japanir fóru að þýða úr tungumálum sem höfðu annars konar rithátt. Þá má færa rök fyrir því að það sé í raun ritháttur tungumála sem ráði því hvort þýðingar verði til. Þýðingar verði þá ekki til sjálfkrafa þegar texta eins tungumáls er miðlað til lesenda annars, heldur sé það ritháttur tungumálanna sem hafi hvað mest áhrif þegar að tilvist þýðinga kemur. Þegar um er að ræða þýðingar milli tveggja tungumála sem nota sama myndletur virðist einnig vera lítil sem engin þörf á umræðum um þýðingar og þýðingaraðferðir. Hins vegar veldur latneska stafrófið, sem byggist á hljóðum, því að þörf er á að þýða texta og ýtir af stað umræðunni um þýðingaraðferðir, sem og dýpri hugleiðingum um merkingu orða og samsvörun orða eins tungu-

73 Mizuno, „Stylistic Norms in the Early Meiji Period“, 94.

74 Semizu, „Invisible Translation“, 283; Wakabayashi, „Situating Translation Studies in Japan“, 39.

75 Nida, *Toward a Science of Translating*, 159.

máls við orð annars.⁷⁶ Einnig hefur ritháttur tungumála áhrif á þær spurningar sem vakna þegar fjallað er um þýðingar, t.d. hvort orðið „þýðing“ skuli aðeins eiga við um ritaðan texta eða líka framburð lesanda á textanum, og hvort þýðingar teljist sjálfstæð bókmenntaverk, en svo var ekki í Japan á meðan aðeins voru notaðir textar tungumála sem skrifuð voru með sama myndlettri.

Á móti þessu má segja að þýðingar eða endursagnir úr samtímakínversku hafi orðið til í Japan á 17. og 18. öld og að í samtímakínversku er enn sama myndletur notað og í japönsku. Wakabayashi og Sato-Rossberg nefna t.d. að það sem kalla má „hefðbundnar“ þýðingar hafi orðið til með þýðingum úr samtímakínversku á 17. öld.⁷⁷ Hins vegar má svara þessum mótrökum með því að benda á að enn var um að ræða þýðingaraðferðir sem eru ólíkar því sem tíðkast hefur á Vesturlöndum og byggðu á því að merkingum og þýðingum var bætt inn í frumtexta og að þeir textar sem talað var um sem þýðingar myndu frekar flokkast sem endursagnir nú á dögum. Það var ekki aðeins samtímakínverska sem olli því að Japanir fóru að velta fyrir sér hljóðfræði heldur einnig hollenska og benda má á að þýðingar úr portúgölsku, þótt fáar væru, urðu til í Japan áður en farið var að þýða úr samtímakínversku, en þetta þyrfti að kanna nánar. Á 17. og 18. öld var einnig enn mjög lítið um umræður um þýðingar og þýðingaraðferðir þrátt fyrir auknar þýðingar og endursagnir úr samtímakínversku. Það var ekki fyrir en eftir Meiji-endurreisnina árið 1868 og með auknum samskiptum við Vesturlandabúa að þýðingar eins og þær eru almennt skilgreindar á Vesturlöndum, sem og umræður um þýðingar og þýðingafraeði, urðu til í Japan.

Þetta gæti gefið til kynna að þýðingar eins og þær eru almennt skilgreindar á Vesturlöndum séu vestrænt fyrirbæri. Sé það raunin er hér um að ræða algengt vandamál þegar kemur að því að yfirfæra vestræn hugtök og fyrirbæri yfir á hefðir annarra menningarheima,⁷⁸ þ.e. vestræn skilgreining á þýðingum á kannski ekki alveg

76 Sbr. Benjamin, „The Task of the Translator“.

77 Wakabayashi og Sato-Rossberg, „Introduction“, 3.

78 Frægasta dæmið um vestrænt hugtak sem passar ekki við skilgreiningar annarra menningarheima er sennilega enska hugtakið *authenticity*, sem á íslensku mætti þýða sem eitthvað sem er „ekta“, „satt“ eða jafnvel „upprunalegt“ en Heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna þurfti að breyta skilgreiningu sinni á hugtakinu til þess að skrá mætti á listann fornan japanskan helgidóm, sem er endurbyggður á 20 ára fresti. Sjá m.a. Stovel, „Origins and influence“, 13.

nógu vel við um þýðingar milli tungumála sem nota sama myndletur. Fræðimenn á Vesturlöndum þurfa því að vera meðvitaðir um að hugtök og skilgreiningar sem þeir nota, og virðast sjálfsagðar á Vesturlöndum, koma ekki alltaf að notum þegar um er að ræða fyrirbæri og hefðir utan Vesturlanda.

Lokaorð

Saga þýðinga í Japan sýnir að rannsóknir og samanburður á sögu þýðinga, þýðingarhefða og þýðingaraðferða geta sagt til um hvaða þýðingaraðferðir og stefnur eru algildar og hverjar ekki. Einnig sýnir hún hvernig mismunandi aðferðir verða til í mismunandi menningarheimum til að leysa sama vandamálið: samskipti og miðlun texta mælenda eins tungumáls til mælenda annars. Ritháttur hefur mikil áhrif á þær aðferðir sem til verða og það er því verðugt viðfangsefni í framtíðinni að rannsaka þýðingarsögu annarra þjóða og bera hana saman við þýðingarsögu Japans og Vesturlanda til þess að gera betur grein fyrir tengslum rithátta tungumála og þýðinga.

HEIMILDIR

- Ásgeir Blöndal Magnússon. „Þýða, þýðing.“ Í *Íslensk orðsifjabók*. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2016. <https://ordsifjabok.arnastofnun.is/faersla/23987>
- Ástráður Eysteinnsson. *Tvímalí: Þýðingar og bókmenntir*. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun og Háskólaútgáfan, 1996.
- Benjamin, Walter. „The Task of the Translator.“ Í *Walter Benjamin: Selected Writings Volume 1913–1926*, ritstýrt af Marcus Bullock og Michael W. Jennings, 253–263. Cambridge, Massachusetts og London: The Belknap Press of Harvard University Press, 1996.
- Catford, J. C. *A Linguistic Theory of Translation: An Essay in Applied Linguistics*. Oxford: Oxford University Press, 1965.
- Even-Zohar, Itamar. „The Position of Translated Literature within the Literary Polysystem.“ *Poetics Today* 11, nr. 1 (1990): 45–51. <http://www.jstor.org/stable/1772668>
- Francis-Ratte, Alexander. „Lexical recycling as a lens onto shared Japano-Koreanic agriculture.“ Í *Language Dispersal Beyond Farming*, ritstýrt af Martine Robbeets og Alexander Savelyev, 75–92. Amsterdam og Philadelphia: John Benjamins Publishing Company, 2017. <https://doi.org/10.1075/z.215.04fra>
- Furuno, Yuri 古野 ゆり. „Nihon no hon'yaku: henka no arawareta 1970 nendai“ 日本 の 翻 訳 : 変 化 の 表 れ た 1970 年 代 [Þýðingar í Japan: Breytingar sem áttu sér stað á áttunda áratug 20. aldar]. *Interpretation*, nr. 2 (2002): 114–122. http://jaits.jpn.org/home/kaishi2002/pdf/08f-furuno_02_.pdf
- Gauti Kristmannsson. „Teoría, tryggð og túlkun.“ *Jón á Bagísá: Tímarit þýðenda* 2, nr. 1 (1995): 5–22. <https://timarit.is/issue/388885>
- Inoue, Ken. „On the Creative Function of Translation in Modern and Postwar Japan: Hemingway, Proust, and Modern Japanese Novels.“ Í *Translation and Translation Studies in the Japanese Context*, ritstýrt af Nana Sato-Rossberg og Judy Wakabayashi, 115–133. London, New Delhi, New York, Sydney: Bloomsbury, 2013.
- Íslensk nútímamálsorðabók*. „Þýða.“ Ritstýrt af Halldóru Jónsdóttur og Þórdísi Úlfarsdóttur. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2020. <https://islenskordabok.arnastofnun.is/ord/48000>
- Jakobson, Roman. „On Linguistic Aspects of Translation.“ Í *On Translation*, ritstýrt af Reuben Arthur Brower, 232–239. Cambridge, Massachusetts: Harvard University Press, 1959.
- Keene, Donald. *Dawn to the West: Japanese Literature of the Modern Era – Fiction*. New York: Holt, Rinehart and Winston, 1984.
- Kondo, Masaomi og Judy Wakabayashi. „Japanese Tradition.“ Í *Routledge Encyclopedia of Translation Studies*, ritstýrt af Mona Baker og Gabriela Saldanha, 470–476. Bandaríkin og Kanada: Routledge, 2009.
- Labrune, Laurence. *The Phonology of Japanese*. Oxford: Oxford Academic, 2012. <https://doi.org/10.1093/acprof:oso/9780199545834.001.0001>

- Miller, Scott J. *Adaptations of Western Literature in Meiji Japan*. New York: Palgrave, 2001.
- Mizuno, Akira 水野 的. „Kindai Nihon no bungakuteki tagen shisutemu to hon'yaku no isō – chokuyaku no keifu“ 近代日本の文学的多元システムと翻訳の位相 — 直訳の系譜 [Fjölkerfiskening japanskra nútímabókmennta og skrá yfir þýðingar – tímaröð orð-fyrir-orð þýðinga]. *Hon'yaku ken'yū e no shōtai* 1 (2007): 3–43. <https://doi.org/10.50837/itsj.0102>
- Mizuno, Akira. „A Genealogy of Literal Translation in Modern Japan.“ *TTR: Traduction, terminologie, rédaction* 22, nr. 1 (2009): 29–55. <http://id.erudit.org/iderudit/044781ar>
- Mizuno, Akira. „Stylistic Norms in the Early Meiji Period: From Chinese Influences to European Influences.“ Í *Translation and Translation Studies in the Japanese Context*, ritstýrt af Nana Sato-Rossberg og Judy Wakabayashi, 92–114. London, New Delhi, New York, Sydney: Bloomsbury, 2013.
- Morioka, Kenji 森岡 健二. *Ōbun kundoku no kenkyū* 欧文訓読の研究 [Rannsóknir á ōbun kundoku]. Tókýó: Meiji shoin, 1999. Vísað í af Mizuno, Akira. „Stylistic Norms in the Early Meiji Period: From Chinese Influences to European Influences.“ Í *Translation and Translation Studies in the Japanese Context*, ritstýrt af Nana Sato-Rossberg og Judy Wakabayashi, 92–114. London, New Delhi, New York, Sydney: Bloomsbury, 2013.
- Munday, Jeremy. *Introducing Translation Studies*. 3. útgáfa. Bandaríkin og Kanada: Routledge, 2012.
- Narangoa, Li. „Japan's Modernization: The Iwakura Mission to Scandinavia in 1873.“ *Kontur* 2 (2000): 14–22. http://kontur.au.dk/fileadmin/www.kontur.au.dk/OLD_ISSUES/pdf/kontur_02/li_narangoa.pdf
- Nida, Eugene A. *Toward a Science of Translating: With Special Reference to Principles and Procedures involved in Bible Translating*. Leiden: E. J. Brill, 1964.
- Okayama, Emiko. „A Nagasaki Translator of Chinese and the Making of a New Literary Genre.“ Í *Translation and Translation Studies in the Japanese Context*, ritstýrt af Nana Sato-Rossberg og Judy Wakabayashi, 53–72. London, New Delhi, New York, Sydney: Bloomsbury, 2013.
- Pastreich, Emanuel. „Grappling with Chinese Writing as a Material Language: Ogyū Sorai's Yakubunsentei.“ *Harvard Journal of Asiatic Studies* 61, no. 1 (2001): 119–170. <https://www.jstor.org/stable/3558589>
- Reynolds, Matthew. *Translation: A Very Short Introduction*. Oxford: Oxford University Press, 2016.
- Robbeets, Martine. „Austronesian influence and Transeurasian ancestry in Japanese: A case of farming/language dispersal.“ *Language Dynamics and Change* 7 (2017): 210–251. <https://doi.org/10.1163/22105832-00702005>
- Robbeets, Martine. „The Transeurasian homeland: Where, what, and when?“ Í *The Oxford Guide to the Transeurasian Languages*, ritstýrt af Martine Robbeets og Alexander Savelyev, 772–783. Oxford: Oxford University Press, 2020. <https://doi.org/10.1093/oso/9780198804628.003.0045>
- Schirokauer, Conrad, David Lurie og Suzanne Gay, ritstj. *A Brief History of*

- Japanese Civilization*. 4. útgáfa. Bandaríkin: Wadsworth Cengage Learning, 2013.
- Semizu, Yukino. „Invisible Translation: Reading Chinese Texts in Ancient Japan.“ Í *Translating Others (Volume 2)*, ritstýrt af Theo Hermans, 283–295. London og New York: Routledge, 2006.
- Stovel, Herb. „Origins and influence of the Nara document on authenticity.“ *APT Bulletin* 39, nr. 2/3 (2008): 9–17. https://www.iccrom.org/sites/default/files/publications/2020-05/convern8_01_hstovel_ing.pdf
- Takeda, Kayoko. „The Emergence of Translation Studies as a Discipline in Japan.“ Í *Translation and Translation Studies in the Japanese Context*, ritstýrt af Nana Sato-Rossberg og Judy Wakabayashi, 11–32. London, New Delhi, New York, Sydney: Bloomsbury, 2013.
- Unger, J. Marshall. „No Rush to Judgment: The Case against Japanese as an Isolate.“ *NINJAL Project Review* 4, nr. 3 (2014): 211–230. <http://doi.org/10.15084/00000755>
- Vovin, Alexander. „Origins of the Japanese Language.“ Í *Oxford Research Encyclopedia of Linguistics* [rafrænt greinasafn], september 2017. <https://doi.org/10.1093/acrefore/9780199384655.013.277>
- Wakabayashi, Judy og Nana Sato-Rossberg
 . „Introduction.“ Í *Translation and Translation Studies in the Japanese Context*, ritstýrt af Nana Sato-Rossberg og Judy Wakabayashi, 1–10. London, New Delhi, New York, Sydney: Bloomsbury, 2013.
- Wakabayashi, Judy. „Marginal Forms of Translation in Japan: Variations from the Norm.“ Í *Unity in Diversity?: Current Trends in Translation Studies*, ritstýrt af Lynne Bowker, Michael Cronin, Dorothy Kenny og Jennifer Pearson, 57–63. London og New York: Routledge, 2016.
- Wakabayashi, Judy. „Situating Translation Studies in Japan.“ Í *Translation and Translation Studies in the Japanese Context*, ritstýrt af Nana Sato-Rossberg og Judy Wakabayashi, 33–52. London, New Delhi, New York, Sydney: Bloomsbury, 2013.
- WorldData.info. „Spread of the Japanese language.“ Síðast uppfært apríl 2025. <https://www.worlddata.info/languages/japanese.php>
- Yanabu, Akira. „Hon’yaku no mondai“ 翻訳の問題 [Vandamálið við þýðingar]. Í *Iwanami kōza nihongo <bekkan> nihongo kenkyū no shūhen*, ritstýrt af Itani Junichiro. Tókýó: Iwanami shoten, 1978. Vísað í af Furuno, Yuri 古野 由り. „Nihon no hon’yaku: henka no arawareta 1970 nendai“ 日本の翻訳: 変化の表れた1970年代 [Þýðingar í Japan: Breytingar sem áttu sér stað á áttunda áratug 20. aldar]. *Interpretation*, nr. 2 (2002): 114–122. http://jaits.jpn.org/home/kaishi2002/pdf/08f-furuno_02_.pdf

ÁGRIP

Ritháttur og eðli þýðinga: Saga þýðinga í Japan

Í þessari grein er fjallað um japönsku, þrjá rithætti hennar og skyldleika við önnur tungumál. Farið er yfir sögu þýðinga í Japan og hvernig þýtt var úr kínversku með aðferð sem kallast *kanbun kun-doku*, en sú aðferð telst ekki til þýðinga í vestrænum nútímaskilningi. Þá er tekið fyrir hvernig viðhorf Japana til þýðinga breyttist með tilkomu þýðinga úr Evrópumálum sem nota stafróf, en það var ekki fyrr en á seinni hluta 18. aldar sem umræður um þýðingar, merkingar orða og þýðingaraðferðir urðu til í Japan. Japanskir þýðendur töldu best að þýða orðrétt þar til eftir seinni heimsstyrjöld og það var ekki fyrr en um aldamótin 2000 sem þýðendur fóru fyrir alvöru að rannsaka og leggja áherslu á mikilvægi þýðinga í japönskum bókmenntum. Á grundvelli þessa er sýnt fram á að ritháttur tungumála getur haft mikil áhrif á hvernig þýðingarhefðir þróast og hvort þýðingar, eins og þær eru skilgreindar á Vesturlöndum, verði yfirhöfuð til. Einnig eru settar fram vangaveltur um hvort vestræna skilgreiningin á „þýðingu“ sé mögulega of þröng til þess að geta átt við um þýðingarhefðir í öðrum menningarheimum.

Lykilorð: Þýðingar, þýðingasaga, rithættir, japanska, vestræn hugtök

ABSTRACT

**Writing systems and the Nature of Translation:
History of Translation in Japan**

The article starts with a description of the Japanese language, its three writing systems, and linguistic connections with other languages. The history of translation in Japan is discussed, and the translation method *kanbun kundoku* is described, which does in fact not count as “translation” according to the modern Western definition of the word. The first discussions on translation, the meanings of words, and translation methods did not appear in Japan until the latter half of the 18th century and attitudes toward translation in Japan only started to change with translations from languages that use alphabets. Until after the Second World War, translating word-for-word was thought to be the best way to translate, and it was only in the 21st century that translators began to research and emphasize the importance of translations in Japanese literature. Based on these historical facts, this article argues that writing systems can influence the evolution of translation practices and whether translation, as it is defined in the West, even exists. It is also postulated that the Western definition of “translation” may be too narrow for translation traditions found in other cultures.

Keywords: Translation, translation history, writing systems, Japanese, Western concepts